

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um lögheimilisskilyrði  
laga um greiðsluaðlögun.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hver eru rökin fyrir því að einstaklingar þurfi að hafa lögheimili á Íslandi til að geta leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun, nr. 101/2010?
2. Telur ráðherra umrætt skilyrði samræmast meginreglum EES-samningsins um frjálsa för vinnuafis og samræmingu á sameiginlega markaðnum?
3. Telur ráðherra koma til greina að leggja til breytingar á lögunum svo að Íslendingar sem búsettir eru erlendis geti leitað greiðsluaðlögunar á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.